



**Fundargerð  
aðalfundar SASS**

haldinn 21. og 22. október 2014  
á Kirkjubæjarklaustri

## 1. Setning

Gunnar Þorgeirsson, formaður SASS, setti þingið og bauð fulltrúa velkomna og þakkaði Skaftfellingum móttökurnar.

### Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Eygló Kristjánsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

## 2. Kosning kjörbréfanefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SASS að kjörbréfanefnd

### Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason  
Ari Björn Thorarensen

### Sveitarfélag

Hveragerðisbær  
Rangárþing eystra  
Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

## 3. Aðalfundur SASS

### ✓ Starfsskýrsla 2013-2014

Gunnar Þorgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Greindi hann frá starfsemi SASS á árinu, s.s. þátttöku á fundum og nefndarstörfum á vegum SASS. Haldnir hafa verið 14 stjórnarfundir, einnig hefur formaður tekið þátt í EES á sveitarstjórnarvettvangi. Af helstu málum sem stjórn SASS hefur sérstaklega fjallað um á árinu nefndi hann, breytingu á samþykktum og þá einna helst að hafa breytt því að hafa fund fljótt eftir kosningar. Telur hann að með því liggi starfsemi stjórnar ekki niðri fram að ársþingi.

Sóknaráætlun 2013 var fyrirferðarmikil á árinu og er sjö verkefnum lokið, sem eru: efling samstarfs um mennta- og fræðastarf á Suðurlandi, uppbygging símenntunar á miðsvæðinu, menntalestin á Suðurlandi, listnám, nýsköpun og skapandi greinar á Suðurlandi, styrkir og stuðningsaðgerðir til eflingar atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurlandi, Leynardómar Suðurlands, Suðurland allt árið og upplýsingagátt Suðurlands sem mun ljúka á þessu ári. Sóknaráætlun 2014 hefur til ráðstöfunar 12.9 mkr. af fjárlögum og þykir ekki gæfuleg fyrir þau 2 verkefni sem fjármagnið er ætlað í þ.e. menntamál og upplýsingagátt Suðurlands. Sóknaráætlun fyrir árin 2015 – 2019. Fjármögnun er ekki enn tryggð. Unnið er að undirbúningi á vegum stýrihóps ráðuneyta, en framlög frá ríkinu munu nú koma í einum farvegi í stað margra. Áætlunin skal að lágmarki marka stefnu landshlutans í menningarmálum, nýsköpunar- og atvinnuþróun, uppbyggingu mannaúts, lýðfræðilegri þróun svæðisins og markaðs- og ferðamálum.

Gerði formaður athugasemdir við skipan úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs en þar er aðeins gert ráð fyrir að 40 % nefndarmanna skuli koma úr sveitarstjórnargeiranum.

Almenningssamgöngur sem eru til fyrirmynda á Suðurlandi. Farþegum hefur fjölgað um 12% það sem af er þessu ári. Endurskoða þarf lög um almenningssamgöngur, með því verður einkaréttur sveitarfélaga betur tryggður.

Unnið er að atvinnustefnu í 5 sveitarfélögum.

Vaxtarsamningur Suðurlands 2014, einn sameiginlegur samningur um vaxtarsamning og sóknaráætlun í maí sl. Auglýst var eftir styrkjum en 45 m.kr. eru til ráðstöfunar. 93 umsóknir bárust en veittir voru 15 styrkir að upphæð 22 m.kr. Fljótlega verður aftur auglýst eftir umsóknum um styrki.

ART verkefnið er samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins og SASS. Mikilvægt er að halda þessu verkefni til streitu en það er aðeins í dag hugsað til 2015.

Sagði formaður frá samningum meðal annars samningi við Byggðastofnun,

menningarsamningi og samningi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um frumkvöðlasetur.

Stjórnin hefur fengið til umsagna og ályktana frumvarp til laga um náttúruvernd, gjaldtöku á ferðamannastöðum, umdæmamörk lögreglustjóra og sýslumanna og fjallað um hjúkrunarrými á Suðurlandi.

Að lokum nefndi hann þær miklu breytingar sem orðið hafa á kjörtímabilinu sem er að ljúka, ber þar helst að nefna: almenningssamgöngur, sóknaráætlunarferlið og sameiningu SASS og APS.

#### ✓ **Tillaga að breytingum á samþykktum SASS**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, lagði fram tillögur að breytingum á samþykktum SASS.

Ásgeir Magnússon tók til máls og lagði til að vísa breytingum á samþykktum til allsherjarnefndar til umfjöllunar.

Var það samþykkt samhljóða.

#### ✓ **Skýrsla Menningarráðs**

Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, kynnti skýrslu Menningarráðs fyrir árið 2013. Frá síðasta ársþingi hafa verið haldnir 4 fundir og styrkjum að upphæð 26,6 millj. verið úthlutað til 110 verkefna, umsóknir voru alls 187. Stofn og rekstarstyrkir voru einnig veittir á árinu að upphæð 12,3 m.kr. og var úthlutað 12 aðilum, umsóknir voru 14.

Helsta verkefni menningarfulltrúa er dagleg umsýsla, þróunarstaf í menningarmálum á Suðurlandi, fagleg ráðgjöf, umsjón með styrkjum til menningarmála og kynning á verkefnum. Helstu verkefni 2014 eru umsjón með Safnahelgi, Maxímús Músíkús, vinna að sóknaráætlun 20/20, Leynardómar Suðurlands, menntalest – listasmiðjur og unglingurinn. Hápunkturinn á árinu er þó uppsetning óperunnar Ragnheiðar, sem upphaflega var styrkt af Menningarráði. Breyting á samþykktum mun hafa áhrif á starfsemi Menningarráðs. Menningarfulltrúi endaði mál sitt á að leggja fram spurninguna „Á að leggja Menningarráð niður og hvað tekur þá við.“

Skýrslu menningarnefndar var vísað til menningarmálanefndar og allsherjarnefndar

✓ **Ársreikningur SASS og Menningarráðs**

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikninga SASS og Menningarráðs fyrir árið 2013. Tekjur SASS 2013 voru 187,5 millj. rekstarkostnaður 171 millj. og rekstrarafgangur af almenningssamgönum nam 22 millj.

Lagt er til að vísa ársreikningum til fjárhagsnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Fjárhagsáætlun SASS**

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, kynnti fjárhagsáætlun SASS og Menningarráðs fyrir árið 2015. Einnig kynnti hann fjárhagsáætlun fyrir ART verkefnið.

Lagt er til að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Kosning starfsnefnda ársþingsins**

Eygló Kristjánsdóttir, fundarstjóri, bar upp eftirfarandi tillögur að starfsnefndum:

**Allsherjarnefnd**

Jón G. Valgeirsson, formaður  
Elín Einarsdóttir  
Lilja Einarsdóttir  
Björgvin G. Sigurðsson  
Eydís Þ. Indriðadóttir  
Sæmundur Helgason  
Ásgerður Gylfadóttir

**Sveitarfélag**

Hrunamannahreppur  
Mýrdalshreppur  
Rangárþing eystra  
Ásahreppur  
Flóahreppur  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Sveitarfélagið Hornafjörður

**Atvinnumálanefnd**

Helgi S. Haraldsson, formaður  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Berglind Sigurðardóttir Hofland  
Gunnar Örn Marteinnsson  
Eggert Valur Guðmundsson  
Árni Eiríksson  
Egill Sigurðsson  
Margrét Jónsdóttir  
Birkir A. Tómasson

Sveitarfélagið Árborg  
Rangárþing ytra  
Hveragerðisbær  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Sveitarfélagið Árborg  
Flóahreppur  
Ásahreppur  
Flóahreppur  
Rangárþing eystra

**Menntamálanefnd**

Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður  
Viktoría Sif Kristinsdóttir  
Helgi Kjartansson  
Sæmundur Helgason  
Trausti Hjaltason  
Árni Rúnar Þorvaldsson  
Jón Páll Kristófersson

Sveitarfélagið Árborg  
Hveragerðisbær  
Bláskógabyggð  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Vestmannaeyjabær  
Mýrdalshreppur  
Sveitarfélagið Ölfus

**Menningarnefnd**

Kristján Guðnason, formaður  
Valgerður Sævarsdóttir  
Sigurður Sigurjónsson

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Bláskógabyggð  
Hrunamannahreppur

Garðar R. Árnason  
Eva Björk Harðardóttir  
Einar Bjarnason  
Sigrún Jóna Jónsdóttir  
Kjartan Björnsson

Hveragerðisbær  
Skaftárhreppur  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Grímsnes- og Grafningshreppur  
Sveitarfélagið Árborg

#### **Samgöngunefnd**

Anna Björg Níelsdóttir, formaður  
Björn Ingi Jónsson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Björn Pálmarrson  
Ingi Már Björnsson  
Bjarney Vignisdóttir  
Guðmundur Jónsson  
Bjarki V. Guðnason

Sveitarfélagið Ölfus  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Flóahreppur  
Grímsnes- og Grafningshreppur  
Mýrdalshreppur  
Hrunamannahreppur  
Rangárþing eystra  
Skaftárhreppur

#### **Velferðarnefnd**

Unnur Þormóðsdóttir, formaður  
Guðmundur Á Pétursson  
Eyrún M. Stefánsdóttir  
Yngvi Karl Jónsson  
Páll Marvin Jónsson  
Gunnhildur Imsland  
Ármann Einarsson  
Arna Ír Gunnarsdóttir

Hveragerðisbær  
Grímsnes- og Grafningshreppur  
Bláskógabyggð  
Rangárþing ytra  
Vestmannaeyjabær  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Sveitarfélagið Ölfus  
Sveitarfélagið Árborg

#### **Umhverfis- og skipulagsnefnd**

Valtýr Valtýsson, formaður  
Jóhannes Gissurarson  
Björgvin Skafti Bjarnason  
Viðar Helgason  
Þorgils Torfi Jónsson  
Þórhildur Ásta Magnúsdóttir  
Guðmundur Oddgeirsson  
Ragnar Magnússon  
Gunnar Egilsson

Bláskógabyggð  
Skaftárhreppur  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Sveitarfélagið Árborg  
Rangárþing ytra  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Sveitarfélagið Ölfus  
Hrunamannahreppur  
Sveitarfélagið Árborg

Tillögurnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 58 en gild kjörbréf eru fyrir 48 fulltrúa. Alls eru 45 aðalfulltrúar mættir og 3 varamenn. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

#### ✓ **Kosning í stjórn og nefndir**

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, bar upp eftirfarandi tillögur kjörnefndarinnar um stjórn og nefndir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

# **Tillaga kjörnefndar að stjórn, ráðum og nefndum á vegum SASS** **Lagt fram á ársþingi samtakanna dagana 21. og 22. október 2014**

## **Stjórn SASS:**

### **Aðalmenn:**

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningsshr.  
Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarf. Árborg  
Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarf. Árborg  
Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði  
Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi  
Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi  
Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerðisbæ  
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

### **Varamenn:**

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð  
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ  
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg  
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg  
Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Sveitarf. Hornafirði  
Jóhannes Gissurarson, Skaftárhreppi  
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi  
Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ  
Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra

**Formaður:** Gunnar Þorgeirsson

**Varaformaður:** Elín Einarsdóttir

## **Kjörnefnd SASS**

### **Aðalmenn:**

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ, formaður  
Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra  
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg  
Kristján Sig. Guðnason, Sveitarfél. Hornafirði  
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfél. Ölfusi  
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ  
Guðmundur Ingi Ingason, Skaftárh., varaform.  
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi  
Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð

### **Varamenn:**

Þórhallur Einisson, Hveragerðisbæ  
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra  
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg  
Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Sveitarf. Hornafirði  
Ágústa Ragnarsdóttir, Sveitarf. Ölfusi  
Birna Þórsdóttir, Vestmannaeyjabæ  
Ingi Már Björnsson, Mýrdalshreppi  
Björgvin Skafti Bjarnason, Sk. og Gnúpvhr.  
Arni Eiríksson, Flóahreppi

**Meningarráð Suðurlands** skipað til áramóta í samræmi við tillögu að breytingum á samþykktum sem lögð hefur verið fram.

### **Aðalmenn:**

Íris Róbertsdóttir, formaður, Vestmannaeyjabæ  
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaform., Rang. eys.  
Kjartan Björnsson, Sveitarfélaginu Árborg  
Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbær  
Kristján Sigurður Guðnason, Svfél. Hornafj.

### **Varamenn:**

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Skaftárh.  
Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ  
Ingibjörg Harðardóttir, Grím. og Grafn.  
Inga Lára Baldvinsdóttir, Svfél. Árborg  
Magnþóra Kristinsdóttir, Ölfus

## **Stjórn Fræðslunets Suðurlands**

### **Aðalmaður:**

Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi

### **Varamaður:**

Íris Böðvarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg

Tillögur kjörnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

✓ **Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda/ráða**

Ásgeir lagði fram tillögu um laun stjórnar, nefnda og ráða.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

✓ **Tillögur lagðar fram**

Engar tillögur hafa borist.

✓ **Umræður**

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls um breytingar á samþykktum og breytingu á Menningarráði. Hún hrósaði heimasíðunni sudurland.is og lagði fram fyrirspurnir um hana. Einnig hrósaði hún Dorothee Lubecki fyrir það sem Menningarráðið hefur verið að gera, ásamt því að þakka Þorvarði Hjaltasyni fyrir samstarfið.

Ísólfur Gylfi Pálmason tók til máls og ræddi um Menningarráðið og samskipti ríkis og sveitarfélaga og spyr sig hvort það sé ekki óþarfa breyting að fella niður Menningarráðið. Björn Ingi Jónsson ræddi um að breytingar á samþykktum skyldu vera lagðar fyrir stjórn minnst 3 vikum fyrir þingið.

Páll Marvin Jónsson ræddi um að það væri góð lausn að hafa menningarfulltrúa undir stjórn SASS.

Gunnar Þorgeirsson sagði frá því að breytingarnar hefðu verið lagðar fyrir stjórn 3 vikum fyrir fundinn. Einnig ræddi hann um að núverandi yfirmaður Dorothee væri Menningarráðið og um samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ásta Stefánsdóttir ræddi einnig um heimasíðuna sudurland.is og kostnað sem er að falla til vegna viðhalds hennar.

Þorvarður Hjaltason tók til máls og svaraði fyrirspurnum um heimasíðuna ásamt breytingum á samþykktum.

Eva Björk Harðardóttir tók til máls, bauð fólk velkomið í Skaftárhrepp en vildi beina því til stjórnar að hafa meira samráð milli sveitarfélaga, t.d. um breytingar á samþykktum. Hún ræddi um byggðasamlög.

Ari Björn Thorarensen tók til máls og ræddi um Menningarráðið og styrki sem það veitir eins og t.d. í óperuna Ragnheiði.

Ragnar Magnússon tók til máls og spurði stjórn SASS um húsnæðismál.

Arna Ír Gunnarsdóttir tók til máls en hún vill að þingið upplýsi meira um vinnu SASS og hvort og hvernig sveitarfélögin geti nýtt sér hin ýmsu verkefni sem eru í gangi.

Gunnar Þorgeirsson tók til máls og sagði frá því að verkefni hafi verið kynnt og hvatti stjórnarmenn til að mæta á kynningarfundum. Einnig er verið að vinna í húsnæðismálum en þar

er búið að undirrita samning við Nýsköpunarmiðstöð um aðstöðu og að það verkefni verði kynnt sveitarstjórnarmönnum.

Björgvin Skapti Bjarnason tók til máls og ræddi um samskipti ríkis og sveitarfélaga og þær breytingar sem þarf að vinna að í sambandi við þau.

#### 4. Ávörp gesta

**Stefanía Traustadóttir, innanríkisráðuneytinu,** ávarpaði fundinn og flutt góðar kveðjur frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra, sem ekki gat verið viðstödd.

Þar sem innanríkisráðuneytið er ráðuneyti sveitarstjórna þá er það í góðu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökin öll og vildi hún færa Þorvarði og hans starfsfólki þakkir fyrir gott samstarf.

Hún kom inná að oft séu samskipti milli ríkis og sveitarfélaga erfið og þá sérstaklega þegar fjárlagafrumvarpið er lagt fram. Í nýjum sveitarstjórnarlögum er lagt upp með að styrkja samband á milli ríkis og sveitarfélaga. Ræddi hún um samráð ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og sóknaráætlun landshluta en þar hefur verið tímabundinn erfiðleiki í fjármálum. Í vetur stefnir innanríkisráðherra á að kynna fyrir sveitarstjórnarmönnum hvernig hægt er að efla tengingu á milli þessara aðila.

Að lokum ræddi hún um breytingar á kjörsókn en fljótlega munu koma niðurstöður úr könnun um kosningaþátttöku. Vinna þarf að úrbótum á þátttöku í kosningum.

**Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga,** ávarpaði fundinn og ræddi um kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum sl. vor. Kosningaþátttaka hefur lækkað úr 87,8% árið 1974 í 66,5% nú í ár eða um 21,3 %. Aukning hefur þó orðið á þátttöku kvenna. Endurnýjun sveitarstjórnarmanna var rúmlega 54% í kosningunum.

Hann ræddi um tekjujöfnuð og framlegð hins opinbera og batnandi skuldastöðu A-hluta sveitarfélaga. Áætlað er að halda námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn í samvinnu við landshlutasamtökin en þar verða kynntar ýmsar upplýsingar, bæði fyrir nýja og gamla sveitarstjórnarmenn.

Brýn verkefni sem unnið er að eru mat á kostnaði við þjónustu við fatlað fólk, almenningssamgöngur, húsnæðismál, fjárhagsaðstoð og virkniúrræði, tónlistarskólamálið, lífeyrismál, undirbúningur kjaraviðræðna og úrvinnsla kjarasamninga. Ekki er búið að vinna alveg kjarasamninga við grunnskólakennara en kosið verður um þá í febrúar nk.

Ræddi hann um fjárlagafrumvarpið og að samráð væri eitthvað sem yrði að fara að taka fyrir milli ríkis og sveitarfélaga, lagt er til að stytta atvinnuleysisbótatímabilið í 6 mán., lækka tyggingargjöld, niðurskurður hjá Vinnumálastofnun og lækkun framlags til atvinnuátaksverkefna. Sambandið krefst aukinna framlaga til atvinnuátaksverkefna og virkniúrræða og vill að sóknaráætlunarverkefnið verði eflt með aukinni fjárveitingu frá ríkinu. Í lokin skilaði hann kveðju frá stjórninni og starfsmönnum sambandsins og þakkaði Þorvarði Hjaltasyni fyrir samstarfið og honum og hans fólki fyrir fyrirmyndarstörf.

**Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra,** ávarpaði fundinn og færði kveðjur frá þingmönnum sem ekki gátu verið viðstaddir fundinn, bauð nýja



sveitarstjórnarmenn velkomna og þakkaði þeim sem fyrir voru góð samskipti. Ræddi hún um stjórnsýslusviðin tvö, þ.e. ríki og sveitarfélög, og ítrekaði vilja þingmanna til samstarfs. Hún ræddi um kjördæmavikuna og fundina sem haldnir voru með sveitarstjórnarmönnum en þar voru samgöngumál efst á baugi og er verið að vinna í þeim málum af fullum krafti. Stöðvun skuldasöfnunar og niðurgreiðsla skulda er verkefni nr.1, þar af leiðandi er erfiðara að fara í nýframkvæmdir. Hjúkrunarmál voru einnig rædd á kjördæmafundum en verið að vinna í þeim málum og eru þingmenn meðvitaðir um að gera þarf úrbætur. Einnig ræddi hún um löggæslumál, ljósleiðara og 3ja fasa rafmagn. Sagði hún þingmenn Suðurlands vera samstíga í að vinna með sveitarstjórnarmönnum. Í lokin þakkaði hún Þorvarði Hjaltasyni fyrir gott samstarf og óskaði honum velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur og einnig óskaði hún sveitarstjórnarmönnum velfarnaðar í sínum störfum.

## 5. Erindi

**Einar Kristjánsson, sviðsstjóri hjá Strætó bs**, flutti erindi um almenningssamgöngur á landsbyggðinni – nú og til framtíðar.

Árið 2010 gerðu Hveragerðisbær og Árborg samning við Strætó og í kjölfarið á þeim samningi hófst svo samvinna við landshlutasamtök og SASS árið 2012. Þegar samstarfið við landshlutasamtökin hófst var strax tekin sú ákvörðun að hafa sömu ímynd alls staðar þ.e. gula og bláa vagna og aka undir merkjum Strætó bs og eru allir bílarnir með S merkinu. Farþegum hefur fjölgað mikið á öllum svæðum landsins. Á Suðurlandi hefur aukningin orðið 11,4 % á árinu 2014 og milli 2013 og 2014 var 30,7 % aukning. Árið 2013 var 20 millj. rekstrarhagnaður en þrátt fyrir það að aukning sé um 11,4 % á árinu er reksturinn í járnnum og eru helstu ástæður minni endurgreiðsla olíugjalda, ríkisframlög hafa verið skert, engar verðbætur á föstu framlagi Vegagerðarinnar og fargjöld hafa ekki verið hækkuð. Ræddi hann um þá gagnrýni sem komið hefur fram varðandi rekstur landshlutasamtaka á almenningssamgöngum en það er mikill munur á áætlunarferðum milli staða og ferðarþjónustuferðum. Framtíðarsýn. Þrátt fyrir að aukning hafi orðið á farþegum hafa sum landshlutasamtök íhugað að segja upp samningi sínum við Vegagerðina. Hagnaðurinn af sterku leiðunum er notaður til að fjármagna hinar sem minna eru notaðar. Það er ekki hægt að segja að almenningssamgöngukerfið skili krónulegum hagnaði en þjóðhagsleg hagkvæmni er mikil.

**Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri HfSu**, flutti erindi um framhalds- og símenntun á Suðurlandi.

Sigurður ræddi um menntamál og síbreytileika þeirra. Menntamál eru sífellt að breytast og eru því verkefni stjórnmalamanna, bæði þjóðmála og sveitarstjórna, gríðarleg þar sem menntamál verða aldrei fullkláruð. Síðastliðin 15 ár hefur orðið mikil breyting á menntastigi á Suðurlandi. Helstu styrkleikar á Suðurlandi eru Fræðslunetið, Nýheimar, Viska, Háskólafélagið, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Þekkingarsetur Nýheima og Fjölheimar ásamt fleiru sem við höfum aðgang að.

Ræddi hann um að SASS væri öflugur liðsmaður við stofnun Fræðslunetsins og síðar í

stofnun Háskólafélagsins. Samstaða sunnlenskra sveitarfélaga hefur verið einstök og er hægt að tala um ný- og viðbyggingu FSU í því sambandi.

Stjórnámálmenn okkar hafa ekki átt auðvelt með að fá fé til fræðslu á Suðurlandi þó að það sé víðáttumesta og fjölmennasta landsvæðið. Bæta þarf menntamál í Skaftfellssýslu og byggja þar upp þekkingarnet.

**Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður, og Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri,** fluttu erindi um nýskipan embætta lögreglustjóra og sýslumanna.

**Anna Birna** ræddi um nýskipan embætta sýslumanna.

1. janúar nk. mun nýtt embætti, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, taka gildi. Lagt er upp með að ekki eigi að loka neinni starfstöð, allir starfsmenn eiga að halda vinnunni og þjónusta á ekki að skerðast en þeir peningar sem ætlaðir eru í verkefnið eru þó naumt skammtaðir. Aðalskrifstofan mun verða á Selfossi. Þar verður veitt öll sú þjónusta sem sýslumönnum ber að veita. Sýsluskrifstofa verður á Höfn og verður sama þjónusta þar og á Selfossi. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um að ráða löglærðan fulltrúa þar. Útibú verða í Vík og á Hvolsvelli. Áætlað er að verkefnaskipta embættinu og verður það gert eins og hægt er. Þjónusta sem verður að vera alls staðar er t.d. vegabréf, ökuskírteini, gjaldkeri og umboð TR. Hægt verður að afhenda gögn alls staðar.

Anna Birna vonar að allt gangi upp, að þjónustan verði góð og allir verði ánægðir.

**Kjartan** ræddi um breytingar sem verða á embætti lögreglustjóra um komandi áramót.

Meginmarkmiðið er að leita skynsamlegra leiða frekar en niðurskurðar á þjónustunni. Með þessu er stjórnendum fækkað og fást því meiri peningar til góðra verka. Höfuðstöðvarnar verða á Hvolsvelli en það verða þó áfram starfsstöðvar á öðrum stöðum. Rannsóknarteymi verða á sínum stöðum áfram. Nú er skráð í sérstakt kerfi sem er sameiginlegt fyrir allt landið og er því auðvelt að nálgast upplýsingar.

Búið er að skipa verkefnastjórn þar sem aðeins starfsmenn eru í stjórn og verður hún að störfum fram á næsta ár. Eigi breytingar að skila árangri þarf að á fá starfsmenn með til að fá upp kosti og galla. Passa þarf þó upp á að gera ekki breytingar breytinganna vegna.

Krafist er hagræðingar, en nýja embættið fer af stað með halla og þarf að laga hann á næstu 2-3 árum.

Sveitarfélögunum er tryggð ákveðin nálægð við lögregluna. Kjartan hyggst heimsækja allar sveitarstjórnir sem fyrst til að fara yfir málin en hann telur lykilatriði að fá styrk og stuðning frá sveitarfélögunum.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ásta Stefánsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásgeir Magnússon, Helgi S. Haraldsson, Gunnar Þorgeirsson, Jón G. Valgeirsson, Björn Ingi Jónsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Kjartan Þorkelsson tóku til máls.

Fundarstjóri þakkaði gestum fyrir komuna og frestaði fundi til morguns.

Nefndarstörf hófust.

**Fundarstjórnar settu fund kl. 10:00 þann 22. október.**

**6. Umræður og ályktanir ársþings**

**7. Ályktanir ársþings afgreiddar**

Hér á eftir fara tillögur, ályktanir og afgreiðslur starfsnefnda.

### **Allsherjarnefnd**

Jón G. Valgeirsson tók til máls og fylgdi úr hlaði breytingum á samþykktum SASS á ársþingi SASS 2014.

Í nefndinni störfuðu: Jón G. Valgeirsson formaður, Elín Einarsdóttir, Lilja Einarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Ásgerður Gylfadóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

#### **1. Tillaga um breytingar á samþykktum SASS**

*Fyrir allsherjarnefnd liggja tillögur um breytingar á nokkrum greinum samþykpta SASS sem lagðar voru fram með skýrslu stjórnar og í fundarboði aðalfundarins. Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram en viðbætur eru feitletraðar með rauðu í texta en niðurfellingar yfirstrikaðar.*

##### **1.3**

Markmið samtakanna eru:

- \* að vera öflugur samstarfs- og þjónustuvettvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi
- \* að sinna verkefnum skv. heimild í sérlögum sem tengjast hlutverki og markmiðum samtakanna, s.s. almenningssamgöngur
- \* að efla velferðarþjónustu á Suðurlandi.
- \* að vinna að eflingu atvinnu- og athafnalífs á Suðurlandi
- \* að vinna að stefnumótun í byggðamálum á Suðurlandi
- \* að stuðla að eflingu mennta- og menningarmála á Suðurlandi
- \* að veita styrki til verkefna á sviði atvinnulífs og menningar á Suðurlandi

### **Um aðalfund SASS og félagafundi**

#### **2.1**

Aðalfund SASS skal halda á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Á ársþinginu eru einnig haldnir aðalfundir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands [Skólaskrifstofu Suðurlands](#) og Sorpstöðvar Suðurlands. Heildarskipulagning ársþingsins skal vera í höndum stjórnar SASS. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin skal ný stjórn og kjörnefnd. Aðalfundur mótar stefnu samtakanna og ákveður hvaða mál skuli lögð mest áhersla á fram að næsta aðalfundi.

#### **3.1**

Á aðalfundi SASS eiga sæti:

- a. Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri.

- b. Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201 til 500 íbúa.
  - c. Þrír fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501 til 1000 íbúa.
  - d. Sveitarfélag með yfir 1000 íbúa skal auk þess fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund íbúa.
  - e. Stjórnarmenn SASS og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar
  - f. Aðalfulltrúum í sveitarstjórnunum, sem ekki eru kjörnir til setu á aðalfundi SASS **og starfsmönnum SASS**, er heimilt að sitja aðalfundinn sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og rétt til setu í starfsnefndum þingsins.
- Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. janúar yfirstandandi árs. Sveitarfélögin þurfa að tilgreina fulltrúa sína á aðalfundi með kjörbréfi.

### 4.3

Á aðalfundi SASS skulu kosnir 9 fulltrúar í kjörnefnd og jafn margir til vara og skal þess tryggilega gætt að þeir komi sem víðast af svæðinu. Kjörnefndin er milliþinganefnd og gerir tillögur til næsta aðalfundar um kjör í stjórn, nefndir og ráð. ~~Jafnframt skulu kosnir 5 aðalmenn í Menningarráð Suðurlands og jafn margir til vara.~~ Formenn og varaformenn nefnda og ráða skulu kosnir sérstaklega. Stjórn SASS skal setja nefndum og ráðum erindisbréf að fenginni tillögu viðkomandi nefnda og ráða.

### 5.1

Stjórnin er málsvari samtakanna á milli aðalfunda og framfylgir samþykktum aðalfundar. Stjórnin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál er leggja skal fyrir aðalfund til ákvörðunar. ~~Stjórn SASS hefur heimild til að skipa fagrað til að fara með ákveðin verkefni á grundvelli samninga á milli ríkis og landshlutasamtaka.~~ Stjórn SASS fer jafnframt með yfirstjórn á rekstri SASS og ber ábyrgð á að rekstur sé innan þeirra fjárheimilda sem aðalfundur SASS hefur samþykkt.

#### **Ákvæði til bráðabirgða:**

**Í Menningarráð Suðurlands skulu kosnir 5 aðalmenn og 5 varmenn og gildir skipunartími þeirra til 31. desember 2014.**

*Allsherjarnefnd leggur til í ljósi þess að óvissa sé um hvernig framkvæmd verði á breytingum á samningum við ríkið vegna vaxtasamnings/menningarsamnings, sé heppilegra að skipa Menningarráð Suðurlands áfram og hafa greinar 4.3 og 5.2 óbreyttar og fella niður tillögu um ákvæði til bráðabirgða. Allsherjarnefnd leggur að öðru leyti þá tillögu til aðalfundar SASS að fundurinn samþykki aðrar ofangreindar breytingar á samþykktum SASS eins og þær hafa verið lagðar fram í fundarboði.*

## 2. Önnur mál

*Allsherjarnefnd telur eðlilegt að starfsmaður Menningarráðs Suðurlands verði hluti af starfsmannahópi SASS.*

*Allsherjarnefnd leggur til að stjórn Sorpstöðvar Suðurlands skoði hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands í samræmi við breytta starfsemi hennar.*

*Allsherjarnefnd vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri vegna spurninga sem starfsnefndir þingsins voru beðnar að vinna með:*

- Markaðsátak SASS til þess að efla og styrkja ímynd og slagkraft samtakanna bæði á heimasvæði og utan þess. Fjölþættari kynning á starfsemi samtakanna. Auglýsingar fréttainnslög, viðtöl við alla atvinnuráðgjafana í staðarblöðum.
- Kynning til atvinnufyrirtækjanna á svæðinu.
- Búa til tengslanet atvinnulífsins og skóla.

- Atvinnuráðgjafar fari í skólana með kynningar á skemmtilegum verkefnum sem gætu vakið áhuga á nýsköpun og fjölbreytni atvinnusvæðisins.
- Námskeið í styrkumsóknum áður en umsóknarfrestur um styrkframlög renna út. Auglýsa fresti og aðstoð við vinnslu og greiningu á verkefnum í aðdraganda auglýsingar á styrkveitingum.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Tillögur um breytingar á samþykktum SASS voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

### **Fjárhagsnefnd**

Gunnsteinn R. Ómarsson tók til máls og lagði fram tillögur fjárhagsnefndar á ársþingi SASS 2014.

Í nefndinni störfuðu: Gunnsteinn R. Ómarsson, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Ágúst Sigurðsson, Kristófer Tómasson og Ásta Stefánsdóttir.

Fjárhagsnefnd SASS mælir með því að fjárhagsáætlun SASS verði samþykkt eins og hún er lögð fram. Verði ramminn ekki samþykktur með þeirri breytingu sem varðar Menningarráð leggur fjárhagsnefnd til að stjórn SASS verði falið að skipta áætluninni upp í fjárhagsáætlun SASS annars vegar og Menningarráðs hins vegar. Nefndin leggur til að ársreikningar SASS og Menningarrás 2013 verði samþykktir.

Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði með þeirri breytingu að stjórninni verði falið að skipta fjárhagsáætluninni annar vegar í fjárhagsáætlun SASS og hins vegar Menningarráðs, var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ársreikningur SASS var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Menningarráðs var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

### **Menntamálanefnd**

Sandra Dís Hafþórsdóttir tók til máls og lagði fram ályktun menntamálanefndar á ársþingi SASS 2014

Í nefndinni störfuðu: Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður, Viktoría Sif Kristinsdóttir, Helgi Kjartansson, Sæmundur Helgason, Trausti Hjaltason, Árni Rúnar Þorvaldsson og Jón Páll Kristófersson.

### **Ályktun menntamálanefndar á ársþingi SASS á Kirkjubæjarklaustri 21.-22. október 2014.**

Aðalfundur SASS, haldinn á Kirkjubæjarklaustri 21.-22. október 2014, leggur áherslu á að menntunarstig á svæðinu verði hækkað, m.a. með því að auka tengsl skóla við atvinnulífið og tryggja jöfn tækifæri til náms óháð búsetu. Þar skiptir miklu máli að tryggja betra netsamband á öllu svæðinu.

Christiane L. Bahner tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og vísar fundurinn tillögunni til stjórnar til nánari útfærslu.

### **Umhverfis- og skipulagsnefnd**

Valtýr Valtýsson tók til máls og lagði fram ályktun umhverfis- og skipulagsnefndar á ársþingi SASS 2014.

Í nefndinni störfuðu: Valtýr Valtýsson, formaður, Jóhannes Gissurarson, Björgvin Skafti Bjarnason, Viðar Helgason, Þorgils Torfi Jónsson, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Guðmundur Oddgeirsson, Ragnar Magnússon og Gunnar Egilsson.

### **Hver á aðaláhersla SASS að vera á sviði málaflokks nefndarinnar?**

#### **Ályktun til aðalfundar**

Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri dagana 21.- 22. október 2014, leggur áherslu á hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin og vöktun varðandi nýjar lagasetningar og reglugerðir sem varða skipulags- og umhverfismál.

Samstarf verði aukið með gerð svæðisskipulaga sem stuðli að meira samstarfi og samræmingu skipulagsáætlana sveitarfélaganna.

Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og SASS standi vörð um hagsmuni þeirra til að tryggja sjálfstjórnarrétt í skipulagsmálum.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gunnar Þorgeirsson og Þorvarður Hjaltason tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og vísar fundurinn tillögunni til stjórnar til nánari útfærslu.

### **Velferðarnefnd**

Unnur Þormóðsdóttir tók til máls og lagði fram ályktun velferðarnefndar á ársþingi SASS 2014.

Í nefndinni störfuðu: Unnur Þormóðsdóttir, formaður, Guðmundur Á Pétursson, Eyrún M. Stefánsdóttir, Yngvi Karl Jónsson, Páll Marvin Jónsson, Gunnhildur Imsland, Ármann Einarsson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

### **Hver á aðaláhersla SASS að vera á sviði málaflokks nefndarinnar?**

#### **Ályktun til aðalfundar**

## **Stefnumörkun um uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma og endurbóta á hjúkrunarrýmum sem fyrir eru á starfssvæði SASS.**

Stjórn SASS vinnur nú í því að kortleggja þörf fyrir endurbætur á hjúkrunarrýmum sem fyrir eru og uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma á starfssvæði SASS með stefnumörkun að markmiði. Í stefnumörkun á að taka mið af þörf fyrir ný hjúkrunarrými skv. biðlistum, endurnýjun eldra húsnæðis (einsmannsstofur í stað fjölbýla) og byggingu hjúkrunarrýma í stað ónothæfs húsnæðis. Jafnframt yrðu kannaðir möguleikar á aukinni heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu.

Árþing SASS krefst þess að ríkisvaldið virði kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu hjúkrunarrýma og hækki daggjöld í samræmi við raunkostnað við rekstur rýma.

Í framhaldi verði skipaður starfshópur sem hafi það að markmiði að móta heildstæðar tillögur í hjúkrunarrýmismálum og öldrunarmálum á svæðinu.

Í ljósi þess að langir biðlistar eru á svæðinu skorar árþing SASS á stjórnvöld að tryggja fjármagn til uppbyggingar nýrra hjúkrunarrýma og endurbóta eldri bygginga. Þörf fyrir fjölgun hjúkrunar- og hvíldarrýma á svæðinu er veruleg. Samkvæmt samræmdu færni- og heilsumati er staðan nú þannig að 28 manns eru á biðlista eftir hjúkrunarrými og 24 á biðlista eftir hvíldarrými.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Egill Sigurðsson, Ásgeir Magnússon, Gunnar Þorgeirsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Unnur Þormóðsdóttir og Eydís Þ. Indriðadóttir tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og vísar fundurinn tillögunni til stjórnar til nánari útfærslu.

### **Atvinnumálanefnd**

Helgi S. Haraldsson tók til máls og lagði fram ályktun atvinnumálanefndar á árþingi SASS 2014.

Í nefndinni störfuðu: Helgi S. Haraldsson, formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Berglind Sigurðardóttir Hofland, Gunnar Örn Marteinnsson, Eggert Valur Guðmundsson, Árni Eiríksson, Egill Sigurðsson, Margrét Jónsdóttir, Birkir A. Tómasson og Kolbeinn Sveinbjörnsson.

### **Hver á aðaláhersla SASS að vera á sviði málaflokks nefndarinnar?**

#### **Ályktun til aðalfundar**

Aðalfundur SASS á Kirkjubæjarklaustri skorar á stjórnvöld að hefja nú þegar vinnu við að ljósleiðaravæða Ísland. Forsenda fyrir jákvæðri byggðapróun, uppbyggingu og atvinnu á landsbyggðinni er háhraðanettenging um allt land.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og vísar fundurinn tillögunni til stjórnar til nánari útfærslu.

### **Samgöngunefnd**

Anna Björg Nielsdóttir tók til máls og lagði fram ályktun samgöngunefndar á ársþingi SASS 2014.

Í nefndinni störfuðu: Anna Björg Nielsdóttir, formaður, Björn Ingi Jónsson, Svanhvít Hermannsdóttir, Björn Pálmarsson, Ingi Már Björnsson, Bjarney Vignisdóttir, Guðmundur Jónsson og Bjarki V. Guðnason.

### **Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 21. og 22. október 2014, leggur áherslu á eftirfarandi atriði við ríkisvaldið til úrbóta í samgöngumálum:**

**Umferðaröryggi:** Mikilvægt er að tryggja öryggi allra vegfarenda með stórauknu fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja. Viðhald vega hefur ekki verið í takt við fjölgun vegfarenda og því brýnt að bæta úr því án tafar. Lögð verði megináhersla á þetta verkefni á næsta ári.

**Almenningssamgöngur:** Tryggja þarf rekstrarumhverfi almenningssamgangna og að ríkið standi við gerða samninga við sveitarfélögin. Þörf er á skýrari löggjöf um einkarétt sveitarfélaganna og að Samgöngustofu verði tryggð úrræði til að bregðast við brotum á einkaréttinum.

**Háhraðanettenging:** Uppbygging háhraðanettengingar þarf að vera forgangsmál í samgönguáætlun. Háhraðanettenging er forsenda jákvæðrar byggðaðróunar á landinu öllu og í raun mikilvægasta byggðamál á Íslandi.

Ársþingið felur stjórn SASS að fylgja eftir þessum áherslum ársþingsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og vísar fundurinn tillögunni til stjórnar til nánari útfærslu.

### **Menningarnefnd**

Ísólfur Gylfi Pálmason tók til máls og lagði fram ályktun menningarnefndar á ársþingi SASS 2014.

Í nefndinni störfuðu: Kristján Guðnason, formaður, Valgerður Sævarsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Garðar R. Árnason, Eva Björk Harðardóttir, Einar Bjarnason, Sigrún Jóna Jónsdóttir og Kjartan Björnsson.



## **Menningarmál**

Aðalfundur SASS, haldinn á Kirkjubæjarklaustri dagana 21. og 22. október 2014, minnir á að menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga renna út í árslok 2014. Nauðsynlegt er að nýir samningar til lengri tíma verði undirritaðir fyrir lok ársins og fjármagn tryggt til menningarmála, þannig að samfella geti orðið í starfi sunnlensku menningarstofnananna sem eru mjög aðþrengdar eftir niðurskurð á framlögum ríkisvaldsins til málaflokksins síðustu ár. Menningarsamningur við Suðurland var fyrst gerður 2007 og hefur reynslan af honum og starfsemi Menningarráðs Suðurlands verið til fyrirmyndar. Mikilvægt er að heildarfjármagn til menningarmála verði aukið verulega í nýjum samningum til að bæta upp þann niðurskurð sem orðið hefur og tryggja og efla með markvissum hætti áframhaldandi uppbyggingu málaflokksins.

### ***Greinargerð:***

Síðustu ár hafa heildarframlög ríkisins til uppbyggingar og reksturs menningarstofnana á landsbyggðinni lækkað umtalsvert, meðal annars við tilfærslu á þeim fjármunum sem fjárlaganefnd úthlutaði áður beint á fjárlögum á grundvelli styrkumsókna til hennar. Um leið hafa framlög til menningarsamninga verið skorin niður ár frá ári.

Mörg verkefni á sviði lista og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurlandi eru á viðkvæmu stigi og nauðsynlegt að styrkja stoðir þeirra til að þau nái þeim árangri sem að er stefnt. Með auknum framlögum tækist einnig að skapa betra umhverfi fyrir starfandi listamenn, menningarstofnanir, söfn, setur og sýningar. Mikilvægt er að efla rekstrargrunn þeirra, auk þess að styrkja samspil menningar, ferðaþjónustu og fræða.

Öflugt menningarstarf getur skapað sóknarfæri og hefur aðdráttarafl fyrir önnur verkefni, fræðimenn og fólk sem starfar í skapandi greinum.

Markviss uppbygging menningarlífs hefur jákvæð áhrif á mannlíf og atvinnulíf og stuðlar að jákvæðri byggðaþróun. Um leið skapast tækifæri fyrir menningarstofnanir til að taka virkan þátt í átaki yfirvalda ferðamála um uppbyggingu ferðaþjónustu allt árið um kring.

Fundarstjóri gaf orðið laust.  
Enginn tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og vísar fundurinn tillögunni til stjórnar til nánari útfærslu.

Nú var komið að fundarlokum og gaf fundarstjóri formanninum, Gunnari Þorgeirssyni orðið. Formaður SASS þakkaði það traust sem honum er sýnt til að leiða samtökin eitt ár enn. Þakkaði hann góðan, málefnalegan og gagnlegan fund. Einnig þakkaði hann starfsmönnum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga fyrir góðan undirbúning fyrir fundinn og Skaftárhreppi viðgjörning allan. Að lokum þakkaði hann sérstaklega Þorvarði Hjaltasyni fyrir störf hans hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.